

Laugardaginn 13. desember 1952.

Nr. 10/1952. **Áburðarverksmiðjan h/f**

(Theódór B. Lindal hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómarar Eyjólfur Jónsson og Sigtryggur Klemenzson í stað Gunnlaugs E. Briem og Helga Hannessonar.

Verkfall. Vinnuveitandi ekki talinn eiga kröfu til frests samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi, með stefnu útgefinni 2. þ. m., af Áburðarverksmiðjunni h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði:

að verkfall það, er verkamannafélagið Dagsbrún hóf hjá stefnanda 1. þ. m. verði dæmt ólögmaett, og, *að* stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög málsins eru þessi:

Stefnandi máls þessa hóf seint á síðastliðnum vetri byggingarframkvæmdir í Gufunesi, en þar er verið að reisa áburðarverksmiðju. Samkvæmt skýrslu hans unnu 16 verkamenn við framkvæmdir þessar í s.l. aprílmánuði. Þeim fjölgaði síðan, er fram á sumarið kom, og eru taldir hafa verið rúmlega 80 í ágúst mánuði. Eftir það fer þeim heldur fækkandi, en í nóvember mánuði s.l. vinna þar að meðaltali, að sögn stefnanda, 47 verkamenn. Vinnulaun verkamanna hefur stefnandi greitt samkvæmt samningi Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands, en stefnandi hefur ekki gengið skriflega við honum, og verður ekki talið, að stofnast hafi

vinnusamningur samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 milli stefnanda og Dagsbrúnar.

Um mánaðamótin apríl—maí s.l. mun hafa verið valinn trúnaðarmaður af hálfu Dagsbrúnar úr hópi þeirra verkamanna, er unnu í Gufunesi. Hinn 10. maí gaf stefnandi út tilkynningu um tilhögun á flutningum verkamanna að og frá vinnustað. Fulltrúar Dagsbrúnar töldu tilkynningu þessa ekki í samræmi við kjarasamning þess við Vinnuveitendasamband Íslands og leiddi þetta til viðræðufundar milli fulltrúa stefnanda og Dagsbrúnar. Samkomulag náðist ekki og varð það svo í framkvæmd, að stefnandi hagaði flutningum á verkamönnum og öðrum viðskiptum við þá í öllum höfuðatriðum í samræmi við framangreindan kjarasamning Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands.

Með bréfi, dags. 21. október s.l., fór stefnandi þess á leit við forráðamenn Dagsbrúnar, að teknar yrðu upp viðræður um breytt fyrirkomulag við vinnu, er vetur færi í hönd. Komu fulltrúar aðilja saman á fund 7. nóvember s.l. og ræddu um fyrirkomulag á flutningum verkamanna að og frá vinnustað, en komu sér ekki saman um neinar breytingar og stóð því við hið sama um viðskipti aðilja til 1. þ. m., en þann dag hóf verkamannafélagið Dagsbrún almennt verkfall og náði það einnig til stefnanda. Ekki er vitað um önnur viðskipti milli málsaðilja en þau, er nú hafa verið rakin.

Svo sem greint var, hóf verkamannafélagið Dagsbrún almennt verkfall 1. þ. m., en áður hafði félagið sagt upp kjarasamningum sínum til þess að koma fram breytingum á þeim. Félagið mun hafa boðað þeim aðiljum, er það var áður bundið samningum, verkfall sitt með þeim 7 daga fyrirvara, sem 16. gr. laga nr. 80/1938 mælir fyrir. Hinsvegar boðaði Dagsbrún stefnanda ekki verkfall sérstaklega, en tilkynnt var í Ríkisútvarpinu hinn 30. f. m. kl. 12.30 og kl. 19.45, að Dagsbrún ásamt ýmsum öðrum verkklýðsfélögum mundi hefja verkfall, er kæmi til framkvæmda kl. 12 á miðnætti næstu nótt. Þenna sama dag átti framkvæmdastjóri stefnanda tal við forráðamenn Dagsbrúnar. Mun hann þá hafa látið í ljós þann skilning sinn, að stefnandi ætti kröfu til þess, að verkfall hæfist því aðeins hjá honum, að það væri boðað með þeim 7 daga

fyrirvara, er greinir í nefndri 16. gr., og hinn 1. desember endurtók hann þessa skoðun sína í bréfi til Dagsbrúnar, en án árangurs. Höfðaði hann þá mál þetta svo sem að framan greinir.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að starfræksla hans og viðskipti við verkamannafélagið Dagsbrún hafi verið með þeim hætti, að því félagi sé skylt að boða honum verkfall með þeim fyrirvara, sem tilskilinn er í 16. gr. laga nr. 80/1938, og þar sem þessu skilyrði hafi ekki verið fullnægt sé verkfallið ólögmaett gagnvart sér. Hefur hann og áskilið sér rétt til bóta á því tjóni, sem verkfallið kundi að baka honum.

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að honum hafi ekki verið skylt að tilkynna stefnanda verkfallið með þeim fyrirvara, sem 16. gr. laga nr. 80/1938 kveður á um. Kveðst hann allt frá því er lög nr. 80/1938 tóku gildi hafa fylgt þeirri reglu, að tilkynna aðeins þeim aðiljum, sem kjarasamningar höfðu verið gerðir við, verkföll sín með 7 sólarhringa fresti. Aðrir fengju ekki slíka tilkynningu um væntanleg verkföll. Svo hefði og verið í þetta sinn, að verkfallið hefði aðeins verið tilkynnt sérstaklega þeim aðiljum, sem það beindist aðallega gegn, svo sem Vinnuveitendasambandi Íslands, Reykjavíkurbæ o. fl. En stefndi telur, að stefnandi verði ekki með nokkru móti talinn til þess flokks.

Áður en lög nr. 80/1938 tóku gildi voru ekki lögfestar nein- ar reglur hér á landi um framkvæmd vinnustöðvana. Var þeim því þá hagað að geðþótta þeirra aðilja, verklyðsfélaga eða vinnuveitenda, sem að þeim stóðu, bæði um fyrirvara og annað.

Með gildistöku nefndra laga voru settar reglur um þessi atriði. Segir fyrst í 14. gr. laganna, að heimilt sé að gera verkföll og verkbönn til þess að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett séu í lögum. Í 15. gr. laganna er greint með hvaða hætti skuli taka ákvörðun um vinnustöðvun, og í 16. gr. þeirra er loks svo mælt, að vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, skuli tilkynnt með 7 sólarhringa fyrirvara þeim, sem hún „beinist aðallega gegn“. Af þeim atriðum, sem

nú hafa verið rakin, er ljóst, að það hefur ekki verið tilætlun löggjafans, að stéttarfélögum væri undantekningarlaust skylt að boða öllum þeim atvinnurekendum, sem verkfall getur bitnað á, vinnustöðvun með þeim hætti, sem boðið er í 16. gr. nefndra laga.

Það er uppkomið í málinu, að verkamannafélagið Dagsbrún var samningsbundið um kaup og kjör félagsmanna sinna við ýmsa aðilja, svo sem Vinnuveitendasamband Íslands o. fl., og hefur verið það árum saman. Á félagið nú í verkfalli við þá aðilja til þess að knýja fram nýja kjarasamninga, og er ekki annað vitað en að hinum fyrri samningsaðilum hafi verið tilkynnt verkfallið með fyrirvara samkvæmt ákvæðum 16. gr. Þá má og teljast alkunnugt, að kjarasamningur Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands sker úr um kaup Dagsbrúnarmanna almennt. Af því, sem rakið er um viðskipti málsaðilja, verður ekki séð, að forráðamenn Dagsbrúnar hafi lagt áherzlu á það að binda stefnanda kjarasamningi né stefnt slíkri kröfu að honum í sambandi við verkfall það, er um ræðir í máli þessu.

Þegar virt eru öll þau atriði, sem að framan greinir, um samskipti aðilja og afstöðu hvors til annars, verður ekki talið, að stefnda hafi samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938 verið skylt að tilkynna stefnanda verkfall það, er hófst 1. þ. m. með þeim fyrirvara, er í nefndri grein getur, og ber samkvæmt því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Áburðarverksmiðjunnar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938 skal ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi, að knýja fram breytingar um kaup og kjör, tilkynnt sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætlunin er, að vinnustöðvunin hefjist. Þegar virt eru

samskipti stefnanda og stefnda, verkamannafélagsins Dagsbrúnar, eins og þeim er lýst í málinu, verður að telja, að skylt hafi verið að senda stefnanda tilkynningu um hina fyrirhuguðu vinnustöðvun með þeim fresti, sem ákveðinn er í áminnstri lagagrein.

Samkvæmt þessu tel ég, að verkfall það, sem hófst hjá stefnanda 1. desember 1952, hafi verið ólöglegt, og að stefnda beri að greiða stefnanda málskostnað, sem ég tel hæfilega ákveðinn 800.00 krónur.
